

AÐ KENNA UM FLÓTTAFÓLK: KENNSLUBLAÐ

HVER AÐSTOÐAR FLÓTTAFÓLK?



Sjá myndskaið: [hér](#)

Lengd: 15-20 mínútur.

Efniviður: Tölva, spjaldtölva eða sími til að horfa á myndbandið; blað og penni.

Notaðu kennslublaðið til að kenna nemendum grunnhugtök um flóttafólk, alþjóðlega vernd og fólksflutninga.

Horfðu fyrst á myndskaiðið með nemendum þínum. Farðu svo eftir leiðbeiningunum hér að neðan.

Markmið: Að skilja hugtakið “flóttafólk” og hvaða þýðingu það hefur að vera flóttamaður.

Aldur: Efnið hentar 12 ára nemendum og eldri.

1: Eftir að þið hafið horft á myndskaiðið skaltu biðja nemendur þína um að ná í blað og penna og gera eftirfarandi verkefni:

Skrifið niður þrjár leiðir til að aðstoða flóttafólk.

2: Safnaðu saman svörunum og lestu upphátt fyrir nemendur þína. Nú er tími fyrir umræður og skaltu spyrja eftirfarandi spurninga:

**Ef þú þyrftir að búa í öðru landi, hvernig myndir þú fara að því að læra tungumálið?
Hvert myndir þú snúa þér þegar kæmi að því að finna þér vinnu?
Hvað heldur þú að flóttafólk þurfi mest á að halda þegar það kemur til nýs lands?
Er fólk í þínu samfélagi að aðstoða flóttafólk? Hvernig?**

3: Ræddu um eftirfarandi stofnanir við nemendur þína og berðu saman við svör þeirra úr fyrsta verkefninu; þið getið komist að því saman hvað þessar stofnanir gera fyrir flóttafólk með því að fara inn á vefsíður þeirra:

1. Flóttamannastofnun SP og aðrar undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna (t.d. UNICEF, IOM, WFP).
2. Ríkisstjórnir og svæðisbundnar stofnanir eins og Evrópusambandið.
3. Frjáls félagasamtök
4. Fólk í ykkar samfélagi.

Næst skulið þið horfa aftur á myndskaiðið og lesa þessa [grein](#) saman.

Skrifið lista yfir tíu atriði eða leiðir til að aðstoða flóttafólk. Reynið að komast að því hvort það séu einhverjar stofnanir í ykkar samfélagi sem aðstoða flóttafólk. Spurðu nemendurna hvort þau vilji hjálpa og skipulegðu einhverskonar sjálfboðaliðastarf sem þau gætu sinnt. Hvaða fólk þyrftir þú að hafa samband við og hvað þyrftir þú að gera til að tryggja að verkefni eins og þetta takist vel til?